

Ed.

327. Frumvarp til laga

[164. mál]

um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán og um skuldaskil.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson, Bjarni Guðbjörnsson, Björn Fr. Björnsson, Kristján Thorlacius.

I. KAFLI

Um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, er þeir hafa ráðizt í á bújörðum sínum 1960—1969, að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma, og enn fremur til lánveitinga handa fyrirtækjum, er á fyrrnefndu tímabili hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, en ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda.

2. gr.

Lán samkvæmt 1. gr. skulu veitt gegn veði í bújörðum ásamt mannvirkjum, sem á jörðunum eru, vélum bænda og vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir.

Lánstími skal vera allt að 25 árum gegn veði í fasteign og allt að 10 árum gegn veði í vélum.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við ráðherra. Vextirnir séu þó ekki hærri en 6% á ári.

3. gr.

Lán, sem veitt er samkvæmt ákvæðum þessa kafla laganna, sbr. 1. og 2. gr., að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 80% af matsverði veðsins. Lagt skal til grundvallar hið nýja fasteignamat. Heimilt skal þó að vikja frá því, ef nauðsyn krefur, og skal matsverðið þá ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkamt hefur vegna lántöku í Veðdeild Búnaðarbankans.

4. gr.

Seðlabanki Íslands kaupir fyrir nafnverð bankavaxtabréfin, sem notuð verða til lánveitinga samkvæmt 1. gr.

5. gr.

Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóv. 1941 tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Að því leyti sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóv. 1941 um lánveitingar samkvæmt þessum kafla laganna.

II. KAFLI

Um skuldaskil.

7. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sem nefnist Skuldaskilasjóður bænda.

8. gr.

Ríkissjóður skal leggja fram stofnfé Skuldaskilasjóðs, allt að 50 millj. kr.

Ríkisstjórninni er þó heimilt að taka stofnfé sjóðsins, sbr. 1. málsgl., að láni til allt að 10 ára og endurlána það sjóðnum með sömu kjörum og lánið er tekið.

9. gr.

Nú tekur ríkisstjórnin stofnfé Skuldaskilasjóðs að láni að einhverju eða öllu leyti, sbr. 8. gr., og skal þá fjár til afborgana og vaxtagreiðslna af láninu aflað þannig:

1. Með árlegu framlagi ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum, allt að 7 millj. kr. á ári næstu 10 ár, í fyrsta sinn á fjárlögum fyrir árið 1971.
2. Með árgjöldum af lánnum, sem bændum hafa verið veitt úr Skuldaskilasjóði.

10. gr.

Til viðbótar stofnfé samkvæmt 8. gr. skal afla Skuldaskilasjóði starfsfjár með útgáfu handhafaskuldabréfa. Þau skulu gefin út af stjórn sjóðsins, og má fjárhæð þeirra nema samtals allt að 75 millj. kr.

Trygging fyrir skuldabréfunum skal vera sem hér segir:

1. Stofnfé sjóðsins.
2. Skuldabréf þau, er sjóðurinn fær frá lántakendum.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Vextir af skuldabréfunum skulu vera 6% á ári. Þau skulu gefin út í einum flokki, og skal innleysa eigi minna en $\frac{1}{25}$ hluti þeirra á ári hverju, í fyrsta sinn 1972, þannig að öll bréfin séu innlest á 25 árum.

Í reglugerð, er ráðherra setur, skal nánara kveðið á um gerð bréfanna, fjárhæð þeirra, greiðslu vaxta, innlausn þeirra og annað, er þurfa þykir.

11. gr.

Skuldabréf Skuldaskilasjóðs skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum eldri en frá 1. janúar 1970, að svo miklu leyti sem þær eru ekki tryggðar með fasteignaveði, svo og til greiðslu á árgjöldum af fasteignaveðslánnum, enda hafi árgjöldin fallið í gjalddaga fyrir 1. janúar 1970. Sama gildir um greiðslu á víxlum, sem gefnir verða út eftir 1. janúar 1970, en áður en lög þessi koma til framkvæmda, ef skuldin upphaflega hefur verið stofnuð fyrir árslok 1969.

Skuldabréf Skuldaskilasjóðs skulu framvegis vera með nafnverði gildur gjaldeyrir af hendi einstaklinga og stofnana í viðskiptum við Seðlabanka Íslands, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

12. gr.

Fé Skuldaskilasjóðs skal varið til lánveitinga handa bændum.

Skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum eru þessi:

1. Að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg.
2. Að skuldir hans í hlutfalli við eignir og árstekjur séu svo miklar, að sjóðsstjórnin telji honum ókleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka bú sitt á heilbrigðum grundvelli, nema hann fái einhverja eftirgjöf skulda.
3. Að umsækjandi geti sett þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda.
4. Að hann geti að dómi sjóðsstjórnar staðið straum af árlegum greiðslum af lánnum sínum, er hann hefur fengið stuðning samkvæmt lögum þessum, samhliða heilbrigðum búrekstri.

13. gr.

Lánnum úr skuldaskilasjóði skal varið einungis til greiðslu á skuldum lántakenda.

Lánin verða veitt gegn þeim tryggingum, er stjórn sjóðsins metur gildar. Þau greiðast að sumu leyti í peningum og að öðru leyti í skuldabréfum sjóðsins, eftir því sem sjóðsstjórnin ákveður.

Lánstími skal vera allt að 25 ár.

Vextir af lánunum skulu vera 6% á ári.

Ef lántakandi breytir um atvinnuveg á lánstímanum eða eigendaskipti verða að hinn veðsettu eign, er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða, að lánið sé þegar fallið í gjalddaga.

14. gr.

Drátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, nr. 18 4. nóv. 1887, er lántakanda rétt að veðsetja Skuldaskilasjóði í einu lagi tiltekna flokka búfjár síns, er hann á eða eignast, og gengur veð sjóðsins fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár eða einstakra gripa. Sama gildir um veðsetningu fóðurbirgða, sem veðsali kann að eiga á hverjum tíma handa veðsettu búfé. Heimilt er og að veðsetja sjóðnum í einu lagi aðra fjármuni án sérstakrar sundurliðunar.

15. gr.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, eftir að skuldabréfi hefur verið þinglýst, og heldur sjóðurinn þá veðrétti sínum, þótt skuldabréfinu sé eigi þinglýst í þeirri þinghá, sem veðsali flutti í.

16. gr.

Í stjórn Skuldaskilasjóðs eiga sæti fimm menn, er landbúnaðarráðherra skipar eftir tilnefningu þessara aðila: Bankaráð Búnaðarbanka Íslands tilnefnir einn, stjórn Stéttarsambands bænda annan, stjórn Búnaðarfélag Íslands hinn þriðja, stjórn Sambands íslenskra samvinnufélaga hinn fjórða og fjármálaráðherra hinn fimmta.

Nú skorast aðili, einn eða fleiri, undan að tilnefna mann í sjóðsstjórn, og skipar þá ráðherra mann eða menn í stjórnina án tilnefningar, þannig að stjórn sjóðsins verði fullskipuð.

Varamenn skulu vera fimm, og skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Stjórn sjóðsins velur sér formann.

17. gr.

Umsóknir um lán úr Skuldaskilasjóði skulu stílaðar til stjórnar sjóðsins, en sendar oddvita í því sveitarfélagi, þar sem umsækjandi á lögheimili. Oddviti sendir umsóknir aðila í sveitarfélaginu til stjórnar sjóðsins á þeim tíma, er hún tiltekur, eða svo fljótt sem auðið er, eftir að hann fær lánsumsókn í hendur.

Lánsumsókn skulu fylgja þau skilríki, sem hér segir:

1. Afrit af síðasta skattframtali lánbeiðanda, staðfest af skattstjóra eða umboðsmanni hans.
2. Sundurliðuð skrá yfir lánardrottna lánbeiðanda, og skal þar greina skuldarupphæð, hvort skuld er tryggð með veði eða ábyrgð og hver tryggingin er, gjalddaga og önnur greiðslukjör.
3. Sundurliðuð skrá yfir ábyrgðir lánbeiðanda, og skal þar greina, hverjar aðrar tryggingar eru fyrir ábyrgðarskuldunum, og þess getið, hvort líkur eru til, að ábyrgðirnar falli á lánbeiðanda.
4. Vottorð hreppstjóra um, hve lengi lánbeiðandi hefur stundað búskap og hvar, svo og um fjölskyldustærð hans.
5. Umsögn sveitarstjórnar um þörf lánbeiðanda á fjárhagsaðstoð.
6. Aðrar upplýsingar, sem sjóðsstjórnin kann að óska eftir.

18. gr.

Þegar sjóðsstjórnin hefur fengið lánsúmsókn í hendur, ákveður hún, hvort lánbeiðandi geti komið til greina við lánveitingu. Skal hún þá láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, sem fjárkröfur eiga á lánbeiðanda, þar með taldar ábyrgðir, að lýsa kröfum sínum fyrir stjórn sjóðsins með sex vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýsingar. Skal í auglýsingunni tekið fram, að allar ótryggðar kröfur falli niður ógildar, ef þeim er ekki lýst innan hins tiltekna frests.

Ef skuldareigandi, sem eigi hefur lýst viðurkenndri kröfu innan hins tiltekna frests, síðar, meðan á samningaumleiðunum stendur, færir líkur fyrir, að hann hafi eigi átt kost á að sjá auglýsinguna, svo sem vegna fjarveru, sjúkdóms o. s. frv., er sjóðsstjórninni þó heimilt að taka kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður þær kröfur, sem eigi er lýst innan hins tiltekna frests. Sé ekki lýst öllum þeim kröfum, sem taldar eru fram samkvæmt 17. gr., 1. og 2. tölul., skal sjóðsstjórnin sannreyna, hvort framtalið er rétt.

Telji sjóðsstjórn, að umsækjandi geti ekki komið til greina við lánveitingu, skal honum þegar í stað tilkynnt það, annaðhvort bréflaga eða með símskeyti, og þar greint frá ástæðum fyrir synjun.

19. gr.

Nú telur sjóðsstjórn, að lánbeiðandi þurfi að fá eftirgjöf á skuldum, og skal hún þá, svo fljótt sem auðið er, semja frumvarp til skuldaskila fyrir hann. Í frumvarpi skulu taldar sér í flokki þær skuldir, er samningnum er eigi ætlað að ná til, og getið trygginga fyrir þeim, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlað er til, að samið sé um. Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta skuldunaut er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til.

Eftirgjöf á skuldum, sbr. 1. málsg., skal þannig gerð, að Skuldaskilasjóður leggur fram 50% þeirrar fjárhæðar, sem skuldunaut er gefin eftir. Jafnframt skulu kröfur lánardrottna lækkaðar frá nafnverði — um sama hundraðshluta hjá öllum lánardrottnum hlutaðeigandi aðila — þannig að sú lækkun nemi samtals 50% þeirrar fjárhæðar, sem skuldunaut er gefin eftir.

Frumvarpið skal borið undir umsækjanda, og segi hann til innan 10 daga, hvort hann treystir sér til að hlíta ákvæðum þess.

20. gr.

Þegar eftir að samningsfrumvarp það, sem í 19. gr. getur, er fullsamið og samþykkt af umsækjanda, skal sjóðsstjórnin með ábyrgðarbréfi eða símskeyti tilkynna það öllum þeim lánardrottnum, er kröfu hafa lýst í búið. Lánardrottni ber að segja til um það með bréfi til sjóðsstjórnar á þeim tíma, er hún tiltekur, hvort hann er samþykkur samningsfrumvarpinu eða hverra breytinga hann óskar.

Nú næst ekki samkomulag milli aðila á þann hátt, er í 1. málsg. segir, og er sjóðsstjórn þá rétt að boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara til samningaviðræðna.

Þangað til fundurinn er haldinn, skal frumvarp eða staðfest afrit af því liggja í skrifstofu sjóðsins skuldheimtumönnum til sýnis.

21. gr.

Verði samkomulag milli lánbeiðanda og svo margra skuldheimtumanna eða umboðsmanna þeirra, að þeir ráði yfir meira en helmingi samanlagðrar kröfuupphæðar, er samningnum er ætlað að ná til, hefur sjóðsstjórnin heimild til að staðfesta samningsfrumvarpið, og er það þá bindandi einnig fyrir þá skuldheimtumenn, er greitt hafa atkvæði á móti því eða eigi mætt á fundi. Leysir það þá skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem undan

er skilinn í samningnum, bæði gagnvart lánardrottni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.

22. gr.

Þegar eftir að samningur er staðfestur, skal sjóðsstjórnin ganga frá láns skjölum og sjá um, að formlega sé gengið frá öllu því, sem samningurinn kveður á um.

23. gr.

Samningurinn, sbr. 21. gr., hefur engin áhrif á þær kröfur, er hér greinir:

1. Skuldir tryggðar með fasteignaveði, þó því aðeins að skuldaupphæð nemi eigi meiru en 80% af verðmæti veðsins. Sé skuldin hærri en þessu nemur samkvæmt mati því, sem lagt er til grundvallar við samningagerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr 80% af verði veðsins.
2. Forgangskröfur samkvæmt 8. kafla 82. og 83. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878, að svo miklu leyti sem eigur skuldunautar teljast hrökkva fyrir þeim.

24. gr.

Frá því að umsækjandi hefur sent lánbeiðni til sjóðsstjórnarinnar og þangað til samningaumleitunum er lokið, má hann ekki greiða skuldheimtumönnum skuldir, sem áður eru stofnaðar, hvort sem þær eru fallnar í gjalddaga eða eigi, nema um veðkröfur eða ótvíræðar forgangskröfur sé að ræða. Hann má ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær, nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánnum, og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans.

25. gr.

Jafnskjótt sem sjóðsstjórn hefur tekið við lánbeiðni, skal það tilkynnt skiptaráðanda, og er þá hvers konar aðför vegna skuldbindinga lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til samningaumleitunum er lokið. Eigi verður bú hans heldur tekið til gjaldprotaskipta á sama tíma.

Tímabilið frá því að sjóðsstjórn hefur tekið við lánbeiðni og þangað til samningaumleitunum er lokið telst ekki með fyrningartíma skuldar, víxilréttar né neinna réttargerða.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

26. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu veitt og skuldaskil framkvæmd svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fyrir árslok 1970.

27. gr.

Þegar lokið er lánveitingum úr Skuldaskilasjóði, skal stjórn sjóðsins, sbr. 16. gr., hætta störfum. Eftir það skal stjórn Búnaðarbanka Íslands falin stjórn Skuldaskilasjóðs.

28. gr.

Búnaðarbanki Íslands annast afgreiðslu lána Skuldaskilasjóðs, innheimtu afborgana af þeim, svo og reikningshald fyrir sjóðinn. Reikningar Skuldaskilasjóðs skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarbankans og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

29. gr.

Öll skjöl viðvíkjandi lánnum, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, eru undanþeginn stimpilgjaldi.

Skuldaskilasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

30. gr.

Kostnað við framkvæmd II. kafla laga þessara greiðir ríkissjóður, nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

31. gr.

Í reglugerð, er ráðherra setur, skal kveða nánara á um framkvæmd laga þessara.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 31 2. maí 1969, um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Greinargerð.

Á undanförunum þingum höfum við framsóknarmenn flutt frv. um breytingu á lausaskuldum bænda í hagstæð lán til langs tíma. Frv. þessi hlutu ekki afgreiðslu. Hins vegar var samþykkt frv. ríkisstjórnarinnar um að breyta lausaskuldum bænda í föst lán, og eru þau lög komin til framkvæmda, og er ekki mikið sagt, þó að flestir, ef ekki allir, sem þar þurfa á aðstoð að halda, séu mjög óánægðir með lögum og reglugerð, sem sett hefur verið samkv. þeim, enda ekki að ástæðulausu. Það er allt komið á daginn, sem við framsóknarmenn höfum sagt um þetta mál. Það er líka ástæða til þess að minna á nokkrar umsagnir um þessi mál, bæði frá Búnaðarfélagi Íslands og Harðærisnefnd frá s. l. vetri og ályktun aðalfundar Stéttar sambands bænda frá s. l. sumri ásamt kafla úr áramótaræðu dr. Halldórs Pálssonar búnaðarmálastjóra, þar sem hann ræðir um lausaskuldir bænda.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 24. marz 1969.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis,
Alþingi.

Með bréfi, dags. 19. marz 1969, sendi landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands tók málið fyrir á fundi sínum hinn 22. marz 1969 og gerði um það eftirfarandi bókun:

„Borizt hefur bréf frá landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis, dags. 19. þ. m., ásamt frv. til laga um lausaskuldir bænda.

Stjórnin hefur kynnt sér frv. og telur, að það, ef að lögum verður, muni að nokkru leyti leysa þann vanda um lausaskuldir bænda, sem stofnað hefur verið til vegna fjárfestinga og harðæris. Þó telur stjórn Búnaðarfélags Íslands, að fjárhag allmargra bænda sé þannig farið, að umrædd lán komi þeim ekki á réttan kjöl fjárhagslega, þar sem líklegt er, að þeir hafi ekki tilskilin veð fyrir lausaskuldunum og verða þannig að sitja eftir með mikinn hluta þeirra. Ef á að gera þessum bændum kleift að halda áfram búskap, þá verður að koma meira til, t. d. með því að veita þeim greiðslufrest af föstu lánunum um nokkurra ára bil, og/eða gefa út sérstök skuldabréf með veði í vélum eða búfé (kreppubréf). Jafnvel getur svo farið, að skuldaskil verði óumflýjanleg hjá sumum bændum. Þar sem frv. gerir ekki ráð fyrir

því, að kaupskylda hvíli á neinni peningastofnun til að innleysa umrædd bréf, þá vill stjórn Búnaðarfélags Íslands mjög ákveðið benda á, að nauðsynlegt er til að greiða fyrir sölu bréfanna, að Seðlabankinn taki þau sem greiðslu frá sparisjóðsdeildum bankanna, sparisjóðum og innlánsdeildum kaupfélaga, sem greiðslu á spari-fjárbindingu, sem þessum stofnunum ber að standa skil á til bankans.

Stjórnin er öll sammála framangreindu, en Ásgeir Bjarnason telur þó nauðsyn á, að ákvæði um kaupskyldu Seðlabankans á bréfunum verði lögfest og enn fremur að lögin nái til lausaskulda hjá fyrirtækjum bænda, s. s. sláturhúsa, mjólkurbúa og ræktunarsambanda, og einnig að Alþingi ákveði vexti eigi yfir 6½% og að lánað verði 80% af matsverði.“

Virðingarfyllt,
Halldór Pálsson.

HARÐÆRISNEFND

Reykjavík, 25. marz 1969.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis,
Alþingi.

Á fundi Harðærisnefndar 24. marz var rætt um bréf landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis, dags. 19. marz 1969, þar sem óskað var umsagnar nefndarinnar um frumvarp til laga um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Formaður tjáði meðnefndarmönnum sínum, að formaður landbúnaðarnefndar efri deildar óskaði eftir, að Harðærisnefnd mætti á fundi landbúnaðarnefndar Ed. hinn 25. marz kl. 15.00 og gæfi þar álit sitt munnlega, og þyrfti því ekki að svara bréfinu skriflega.

Einar Ólafsson vísar til bréfs Búnaðarfélags Íslands til landbúnaðarnefndar um þetta mál, en þar komi álit hans fram.

Formaður, Jón L. Arnalds, sagðist mæta á fundi landbúnaðarnefndar, eins og hún óskar eftir.

Halldór Pálsson lætur sitt álit fylgja hér með, en það hljóðar svo:

Frumvarp til laga um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán, þskj. 348, ef að lögum verður, veitir mörgum skuldugum bændum mikilsverða aðstoð, en það bjargar ekki þeim bændum, sem eiga ófullnægjandi veð til að breyta lausaskuldum sínum í föst lán, en þeir eru allmargir.

Þess vegna þyrfti í fyrsta lagi að koma ákvæðum í lögum um sérstakar ráðstafanir til að hjálpa þeim bændum, sem skulda meira en þeir eiga fasteignaveð fyrir eða meira en hugsanlegt er, að þeir geti risið undir, þótt öllum lausaskuldum þeirra yrði breytt í föst lán. Þyrfti að vera í lögum heimild til skuldaskila og útgáfu sérstakra bréfa (kreppubrifa) í því sambandi. Líklegt er, að 200—300 bændur þurfi slíka fyrirgreiðslu.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að hafa í lögum ákvæði um, að Seðlabankinn skuli taka, eftir ákveðnum reglum, skuldabréf þau, sem lögum fjalla um, upp í það fé, sem sparisjóðir, innlánsdeildir kaupfélaga og bankar þurfa að binda í Seðlabankanum.

Séu slík ákvæði ekki í lögum, þá geta ýmsar lánastofnanir og einstaklingar orðið í algjörum vandræðum með að losna við bréfin. Gæti svo farið, að selja yrði þau með afföllum, og geta lánastofnana til að greiða úr lánsfjárförf bænda gæti orðið mun minni en hún er í dag.

Í þriðja lagi væri eðlilegt, að Alþingi ákveði vextina af skuldabréfunum.

Virðingarfyllt,
Halldór Pálsson,

Ályktun aðalfundar Stéttarsambands bænda.

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1969 mótmælir eindregið reglugerð við lög um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, þar sem með ákvæðum hennar eru þessi lög gerð allt of óhagstæð fyrir bændur, og útiloka þau fjölda bænda algerlega frá að geta hagnýtt sér þau.

Þess vegna skorar fundurinn á landbúnaðarráðherra að breyta reglugerð um-ræddra laga m. a. þannig, að vaxtaþrósentu lánanna verði færð til samræmis við vexti af lánnum húsbýggjenda í Breiðholtshverfi í Reykjavík, skv. bráðabirgðalögum frá s. l. vori.

En þótt slík lagfæring fáiast, geta lánin ekki bjargað þeim bændum, sem lent hafa í mestum efnahagserfiðleikum síðastliðin ár. Þess vegna skorar fundurinn á landbúnaðarráðherra að gera ráðstafanir í samráði við stjórn Stéttarsambands bænda, til dæmis með frestun afborgana fastra lána og lengingu lána og lengingu lánstíma til að koma í veg fyrir, að þeir verði að hætta búskap, sem leiddi til að fjöldi jarða færi í eyði.“

Kafli úr áramótaræðu búnaðarmálastjóra dr. Halldórs Pálssonar.

„Sumir bændur álíta, að löggjöfin um lausaskuldir bænda sé gerð eftir tillögum Harðærisnefndar, af því að landbúnaðarráðherra fól nefndinni á miðju ári 1968 að gera athugun á hag bænda, skuldasöfnun og aðstöðu til áframhaldandi búrekstrar. Svo er ekki. Er nefndin skilaði álitum um athuganir sínar á efnahag bænda snemma á árinu 1969, bentu nefndarmenn ráðherra á, að þeir teldu að öllum þorra hinna skuldugri bænda væri borgið með því að fá lausaskuldum sínum breytt með banka-vaxtabréfum í hagkvæm föst lán til langs tíma, og mundu þeir eiga veð fyrir þeim, en vexti þyrfti að ákvarða með lögum eigi hærrí en lægstu innlánsvexti.

Í öðru lagi þyrfti í lögum að hvíla skylda á Seðlabanka Íslands að kaupa lausaskuldabréfin eftir einhverjum föstum reglum upp í hlut af bindingarfé innlánsdeilda kaupfélaga, sparisjóða og banka, svo að þau hyrfu þannig á nokkrum árum úr umferð, án þess að eigendur þeirra ættu það undir velvilja eða náð komið, hvort eða hvenær þeir gætu losnað við bréfin.

Í þriðja lagi væri nokkur hluti bænda, um 150—300, svo skuldugir, að þeir ættu ýmist ekki næg veð fyrir skuldum eða þótt svo væri, þá mundu þeir ekki rísa undir vöxtum og afborgunum, þótt lausaskuldum þeirra yrði breytt í föst lán. Þyrftu þeir því aðstoð til skuldaskila. Ráðherra tjáði nefndinni, að hann óskaði ekki tillagna hennar um löggjafaratriði í sambandi við lausaskuldamálið. Alþingi á því allan veg og vanda af lögum frá 2. maí 1969 um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, en í þeim er ekkert af þeim atriðum, sem getið er hér að framan. Löggjöf þessi kemur því ekki að þeim notum fyrir bændur, sem vonast var eftir, þegar málinu var fyrst hreyft. Það er þó tvímælalaust ávinningur fyrir þá, sem komast í gegnum þann hreinsunareld, sem reglugerðin um framkvæmd þessara laga setur, að fá lausaskuldum sínum breytt í 20 ára föst veðlán, enda þótt vextir af þeim séu 9% og því allt of háir fyrir bændur að standa undir þeim.

Nokkurri furðu sætir, hve fáir bændur sóttu um að breyta lausaskuldum sínum í föst lán samkvæmt lögum þessum. Valda því ef til vill mistök í framkvæmd og einnig, hve bændum og lánardrottnum þeirra finnst fyrirgreiðsla samkvæmt lögum þessum óaðgengileg.

Í reglugerð, sem landbúnaðarráðuneytið gaf út 9. júlí 1969 um 6. flokk Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands, þ. e. reglugerð um lög um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, er skýrt fram tekið, að bankavaxtabréfin skuli aðeins afhent til greiðslu á lausaskuldum bænda vegna framkvæmda, sem þeir höfðu ráðizt í á árunum 1961—1968. Aðrar lausaskuldir áttu ekki að koma til greina.

Þetta reglugerðarákvæði ásamt öðrum reglum um framkvæmd þessara laga, svo sem að enginn fái að breyta lausaskuldum í föst lán, ef hann er í vanskilum við Stofnlánadeild eða Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, var rækilega auglýst í ágúst s. l., og áttu umsóknir allar að hafa borizt Búnaðarbankanum fyrir októberlok. Hinn 16. september breytti landbúnaðarráðuneytið reglugerðinni á þann veg, að bankavaxtabréfin mætti ekki aðeins nota til greiðslu skulda vegna framkvæmda, heldur eins til greiðslu skulda vegna hvers konar fjárfestingar og jarðakaupa. Þetta rýmkaði mjög aðgang að fyrirgreiðslu skuldugra bænda hjá Veðdeildinni, en þessi reglugerðarbreyting var því miður ekki nógu vel auglýst. Hennar var aðeins getið í einu dagblaði, auk þess sem bankastofnunum var tilkynnt um hana og þá jafnframt, að umsóknarfrestur væri framlengdur um 10 daga, þ. e. til 10. nóv. Þetta mun hafa farið fram hjá mörgum bændum, sem þá voru uppteknir í göngum, réttum og sláturtíð.

Ókunnugt er mér um, hve margir bændur hafa hætt við að sækja um breytingu á lausaskuldum í föst lán vegna þess, að lánardrottinn þeirra hafa neitað að taka verðbréfin upp í skuldir, af því að engin skylda hvílir á nokkrum banka að innleysa þau, fyrr en þau verða dregin út, en nokkrir munu þeir vera. Sumir hafa einnig ekki viljað ganga milli lánardrottna sinna til að biðja þá um að taka bréfin. Slíkt kemur lítt að sök fyrir þá, sem treysta sér til að standa í skilum við alla lánardrottna, og sem betur fer gera margir bændur það.

Af þeim 640 umsóknum bænda, sem borizt hafa til Veðdeildar Búnaðarbankans um að fá lausaskuldum breytt í föst lán, hafa um 400 þeirra fengið afgreiðslu eða fyrirheit um afgreiðslu og nokkrir fleiri munu fá afgreiðslu í janúar. Margir umsækjendur, sem ekki hafa fengið fyrirgreiðslu, munu fá hana, ef þeir geta greitt vanskil sín við Stofnlánadeild og Veðdeild í reiðufé. Erfitt mun mörgum að útvega sér reiðufé að láni til þess að greiða þessi vanskil og geta ekki boðið aðrar greiðslur á þessum nýju lánum en hin 20 ára bréf frá Veðdeildinni. Nokkra umsækjendur skortir veð til þess að fá breytt lausaskuldum sínum í föst lán. Hvað hiður þessara útskúfuðu bænda, sem fá enga fyrirgreiðslu samkvæmt þessum lögum um breytingu lausaskulda bænda í föst lán? Hver sér fénaði þeirra farborða til vors, og verður þá gengið að eignum þeirra upp í skuldirnar? Þótt einn og einn þessara bænda væri ef til vill eins vel settur við aðra atvinnu en búskap, ef hann gæti afsettt eignir sínar sémilega og fengið þolanlega atvinnu við önnur störf, þá er óþolandi, ef allt að 5% bænda gefst upp gjaldþrota á næstunni og hverfa frá uppbyggðum jörðum sínum til atvinnuleysis, en jarðirnar, oft vel í sveit settar, fara í eyði. Lög-gjafinn verður að koma til móts við þessa bændur með kreppuástoð. Þeir hafa flestir ekki annað til saka unnið en vera of hjartsýnir framfaramenn eða hafa orðið fyrir óvæntum óhöppum til viðbótar við harðindi síðustu ára.“

Það er augljóst mál af því, er að framan greinir, að það er brýnna nú en nokkru sinni fyrr að taka skuldamál bænda til rækilegrar athugunar og gera tillögur í þeim efnum, sem að gagni koma.

Tíu ára viðreisn stjórnarflokkanna hefur einkennzt af fálmkennendum ráðstöfunum, sem skilja lítinn arð eftir í gróskumiklu árferði og minna en ekki neitt í þeim harðindum, sem herjað hafa landbúnaðinn síðustu árin. Þær sérstöku ráðstafanir, sem gerðar voru vegna landbúnaðarins 1965 og á hverju ári síðan 1967, sýna, að þörfin er brýn. Kalsárin, sem hafa myndast, taka sinn tíma til að gróa. Búfjárfækkun bænda og þar af leiðandi rýrnandi tekjur þarf einnig sinn tíma til þess að jafna sig, svo að búreksturinn komist á réttan kjöl. Afleiðingar óþurrkanna á s. l. sumri, sem náðu yfir stóran hluta landsins, eru á þessum vetri þungbærar mörgum bændum, sem leggja í mikinn kostnað við að útvega nægjanlegt fóður handa bústofni sínum. Fóðurkaup eru dýr og skilja eftir stóra skuldabagga, sem verða ekki leystir á skömmum tíma.

Það hefur sýnt sig, að miklu færri sóttu um lausaskuldalán en við var búizt, enda margt, sem veldur því, eins og að framan greinir. Bankar, sparisjóðir, kaupfélög og verzlaniir eru ekki fús á að taka skuldabréf upp í skuldir, þar sem ekki er lagaleg trygging fyrir því, að bréfin séu gildur gjaldeyrir í viðskiptum. Sumar skuldir eru líka þess eðlis, að þær falla ekki undir lögin, því að þau taka aðeins til skulda, sem eru til orðnar vegna „frankvæmda, fjárfestingar og jarðakaupa á árunum 1961—1968“. Þeir bændur, sem safnað hafa skuldum vegna harðinda eða annarra áfalla í búskapnum, geta ekki, þótt þeir vildu, breytt lausaskuldum sínum í lán til langs tíma.

Margir bændur hafa það háar lausaskuldir, að þá skortir fasteignaveð fyrir skuldum sínum. Sama máli gegnir um þá bændur, sem eru leiguliðar, þeir fá ekki alltaf veðleyfi í ábúðarjörðum sínum til þess að koma fyrir lausaskuldum, og þarf því að koma á móts við þá á annan hátt.

Þegar á árinu 1967 þótti ástæða til þess að láta fram fara athugun á efnahag bænda, og sá Harðærisnefnd um þá frankvæmd, sem byggðist á skattaframtölum bænda og sýnir efnahag þeirra í árslok 1967. Athugun Harðærisnefndar náði til 4769 bænda, sem höfðu skilað framtölum, en þar að auki eru margir bændur allskuldugir og ekki í tölu framangreindra, þar sem skattaframtöl þeirra lágu ekki fyrir, auk þess sem það er vitað, að allar skuldir koma ekki fram á skattaskýrslum.

Í skýrslu Harðærisnefndar segir, að heildarskuldir bænda í árslok 1967 hafi verið kr. 1 250 000.00.00.

Þar af eru lausaskuldir	kr.	491 416 000.00
Meðalskuld á bónda er	—	262 000.00
Meðallausaskuld	—	103 000.00
Meðalbrúttóárstekjur	—	400 000.00
Meðalnettóárstekjur	—	123 000.00

Í athugun nefndarinnar kom það einnig fram, að 2022 bændur skulda yfir tvöfaldar nettóárstekjur sínar, og er þetta mjög misjafnt eftir sýslum.

- 609 bændur skulda yfir tvöfaldar nettótekjur, en undir þreföldum.
- 369 bændur skulda yfir þrefaldar nettótekjur, en undir fjórföldum.
- 423 bændur skulda yfir fjórfaldar nettótekjur, en undir sexföldum.
- 209 bændur skulda yfir sexfaldar nettótekjur, en undir áttföldum.
- 412 bændur skuld áttfaldar nettótekjur og þar yfir.

Þessar tölur sýna það bezt, að þeir bændur, sem skuldirnar hvíla þyngst á, eru ekki hlutfallslega margir, en þeim mun erfiðari er skuldabyrði þeirra, þegar tekið er tillit til heildarinnar. Það eru 22.3% eða 1063 bændur, sem skulda meira en helming allra lausaskulda, samtals 263 millj. króna, eða að meðaltali 248 000 krónur. 3.4% eða 162 bændur skulda 60 millj. króna í lausaskuldum eða 370 000 kr. hver. Þessar fáu tölur yfir lausaskuldir sýna, að skuldir þessara bænda eru mjög háar og erfiðar viðfangs með þeim vaxtakjörum, sem gilda hjá viðreisnarstjórninni. Margir þeirra bænda, sem mest skulda, hafa staðið í miklum frankvæmdum, véla- og verkfærakaupum, auk þess sem harðærið hefur leikið margan grátt.

Eins og áður segir, nær skýrsla Harðærisnefndar til ársloka 1967. Þá eru ekki komin fram þau áhrif, sem gengisfellingin í nóvember 1967 hafði á hag bænda, og tæpu ári síðar var gengi íslensku krónunnar fellt að nýju. Þessar gengisfellingar hafa stórum hækkað allan rekstrarkostnað bænda, torvelað framkvæmdir og vélakaup, auk þess sem enginn fjárhagsgrundvöllur er lengur til fyrir þá, sem vilja hefja búskap. Stjórnarstefnan og framkvæmd hennar hefur svo gersamlega brugðið fæti fyrir þá, sem meta ræktunarstarfið og „bændabýlin þekku“. Vélvæðingin og bústofninn ásamt jörð og húsum kostar það mikla fjármuni, að það er vart hugsanlegt að útvega það fé allt, hvað þá að búskapur með þeirri rekstraraðstöðu, sem orðin er, geti endurgoldið þá fjármuni.

Það blasir því við, að byggðum býlum fækkar og jafnvel að heilar sveitir fari í eyði, ef ekki verður brugðizt skjótt við og reynt að stöðva þessa óheillastefnu.

Það gefur auga leið, að þau 2 ár, sem liðin eru síðan framtöl bænda voru athuguð af Haðærisnefnd, hefur hagur þeirra ekki blómgað og skuldir því aukizt allmikið frá því, sem þá var, þótt tölulega liggi það ekki almennt fyrir nú. Orsakir skuldasoðfnunar bænda eru margar, en þessar helztar:

1. Framkvæmdir allar og vélvæðing krefjast mikils fjármagns, enda hefur dýrtíðin vaxið mjög ört hin síðari ár.
2. Stofnlán landbúnaðarins hafa ekki hækkað í hlutfalli við stofnkostnað.
3. Lánstími stofnlána er allt of stuttur, enda styttri nú en áður, nema á lánum til íbúðarhúsabygginga. Lán eru nú til 15 ára út á járnvarðar timburbyggingar, t. d. fjárhús, hlöður og fjós, en til 20 ára út á steyptar byggingar og ræktun, en aðeins til 5 ára út á aflvélar.
4. Vaxtakjör Stofnlánadeildar landbúnaðarins eru miklu lakari nú en áður eða 6% á íbúðarhúsalánum, en voru áður 3½%, á öllum öðrum lánum deildarinnar eru 6½% vextir, en voru áður 4%. Vaxtahækkun síðan 1960 er 60—70%.
5. Lagður er nú sérskattur á bændur, og rýrir það til muna tekjur þeirra, en tryggir þeim ekki lán sem skyldi, eins og þeim var heitið, er skatturinn var á þá lagður.
6. Ungt fólk eða byrjendur í búskap fá hvergi lán til bústofns- eða vélakaupa.
7. Þótt sívaxandi verðbólga hafi ríkt síðan 1959, hafa rekstrarlán landbúnaðarins ekki hækkað.
8. Veðdeild Búnaðarbankans hefur allt of lítið fjármagn til umráða og veitir því of lág lán til jarðakaupa, og vextir eru óhagstæðir, þar sem þeir eru 8%.
9. Verðlag búvara er komið úr öllu samhengi við þarfir landbúnaðarins. Bændur eru því m. a. af þeim sökum tekjulægsta stétt landsins.
10. Ræktaða landið er of lítið til þess að veita nægjanlegan heyforða fyrir það búfé, sem fyrir er í landinu.
11. Grasbrestur á ræktuðu landi, kal og ópurrrkar valda því, að innflutningur fódurbætis hefur aukizt mikið.

Ýmsar aðrar orsakir samfara framantöldu valda því, að margir bændur eiga í miklum fjárhagserfiðleikum.

Fyrsti kafli frv. er um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, og kemur skýrt fram í frv., hvað hann fjallar um, en þó er sá munur á því og lögum um lausaskuldir bænda, sem hér greinir:

1. Að lögin nái til lausaskulda hjá fyrirtækjum bænda, sem komið hafa upp vinnslustöðvum, en ekki fengið nægjanleg stofnlán.
2. Að lögin taki einnig til lausaskulda, sem hafa myndazt vegna bústofns- og fódurkaupa.
3. Að lögin nái yfir skuldasoðfnun á tímabilinu 1960—1969.
4. Að vextir verði ekki yfir 6%.
5. Að lánin verði til 25 ára.
6. Að heildarlánsupphæð megi vera 80% af matsverði.
7. Að einnig verði tekið veð í vélum bænda og vinnslustöðvum þeirra.
8. Að Seðlabankinn kaupí bankavaxtabréfin á nafnverði.

Annar kafli laganna fjallar um skuldaskil í landbúnaði.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Ríkissjóði er gert að skyldu að leggja fram stofnfé Skuldaskilasjóðs, en heimilt er honum að taka stofnféð að láni og endurlána sjóðnum.

Um 9. gr.

Til þess að standa straum af greiðslu þeirra lána, sem ríkissjóður tekur og lánar Skuldaskilasjóði, verður að afla fjármagns á fjárlögum, auk þess sem sjóðurinn fær árgjald af þeim lánnum, sem Skuldaskilasjóður lánar bændum. Áætlað er, að stofnlán ríkisins sé 50 millj. kr. upphaflega og borgist á 10 árum, þannig að afborgun verður 5 millj. kr. árlega og vextir að auki. Áætlað er, að ríkissjóður þurfi að leggja fram 7 millj. kr. árlega í þessu skyni næstu 10 ár.

Um 10. gr.

Til viðbótar þeim 50 millj. kr., sem um getur í 8. gr., verður að afla Skuldaskilasjóði stofnfjár með útgáfu handhafaskuldabréfa, er nema samtals allt að 75 millj. kr., og eru með 6% vöxtum til allt að 25 ára. Upphæðir þær, er að framan greinir, eru áætlaðar og miðaðar við það, að um 150 millj. kr. af lausaskuldum bænda komist ekki undir þá fyrirgreiðslu, sem veitt er samkvæmt I. kafla frv., og falli þar af leiðandi undir Skuldaskilasjóð. Reikna má með því, að um þriðjung af skuldum þessum verði erfitt eða útilokað að innheimta sökum fjárhagserfiðleika hjá hlutaðeigandi bændum.

Um 11. gr.

Skuldabréf Skuldaskilasjóðs skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á lausaskuldum og vanskilaskuldum eldri en frá 1. janúar 1970. Skuldabréfin skulu enn fremur vera gildur gjaldeyrir af hendi einstaklinga og stofnana í viðskiptum við Seðlabanka Íslands.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Lánnum úr Skuldaskilasjóði skal einungis varið til þess að koma skuldum hlutaðeigandi bænda í fastara form, og metur sjóðsstjórn tryggingar lánanna og á hvern hátt þau greiðast. Lánstími skal vera allt að 25 árum með 6% vöxtum.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um heimild fyrir þeim veðum, sem taka skal gild, þegar lán eru veitt.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þar sem skuldir bænda eru bæði í bönkum, samvinnufélögum og öðrum verzlunum, þykir rétt að Búnaðarbanki Íslands, sem bændur skipta mest við, tilnefni mann í stjórnina og að Samband isl. samvinnufélaga, sem er samnefnari kaupfélaganna, tilnefni einn mann í stjórn. Þar sem frv. þetta gerir svo ráð fyrir, að ríkissjóður útvegi Skuldaskilasjóði það fjármagn, sem hann þarf á að halda og fær bæði í peningum og handhafaskuldabréfum, og að ríkissjóður sé einnig ábyrgur fyrir fjármagni þessu, auk þess sem frv. gerir ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram nokkurt fjármagn, þegar um eftirgjöf skulda er að ræða, þá er nauðsynlegt, að fjármálaráðherra tilnefni einn mann í stjórnina. Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands tilnefna sinn manninn hvort í stjórnina og verða þeir fulltrúar bænda við skuldaskilin.

Um 17. gr.

Hér er greint frá þeim gögnum, sem verða að fylgja umsóknum þeim, er oddvitar senda með umsóknum til Skuldaskilasjóðs, en þeir eru nokkurs konar umboðsmenn sjóðsstjórnar.

Um 18. gr.

Stjórn Skuldaskilasjóðs verður að veða og meta, hvernig með hvert og eitt mál skuli farið, og hafa samráð við hlutaðeigandi oddvita, sem gefa nánari upplýsingar.

Um 19. gr.

Hér er í meginráttum mörkuð sú stefna, sem ríkja skal við mat og samninga um eftirgjöf skulda. Stjórnin gerir sér grein fyrir greiðslugetu hlutaðeigandi aðila og semur um eftirgjöf á þeim skuldum, sem ekki eru til veð fyrir né neinar líkur á að innheimtist. Skuldaskilasjóður tekur þátt í eftirgjöf skulda, eins og lög mæla fyrir.

Um 20. og 21. gr.

Greinarnar fjalla um það, hvernig með þau skuldamál skuli farið, sem ekki næst strax samkomulag um.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Greinin kveður nánar á um það, hvað skuldakröfur ber að taka til greina við samning um eftirgjöf skulda.

Um 24. og 25. gr.

Greinarnar segja fyrir um það, hvernig lánsumsækjandi skuli haga fjármálum sínum, á meðan á skuldaskilum stendur, og hvernig sjóðsstjórn fer með mál gagnvart skiptaráðanda.

Þriðji kafli frv. er almenns eðlis og þarfnast ekki skýringa.